



Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2005

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar þskj. 14 – 14. mál
um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.**

Heimili og skóli telur eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum brýnt verkefni og fagnar því þingsályktunartillögu þessari. Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við þingsályktunartillöguna.

Almennt álit

Heimili og skóli er sammála flutningsmönnum um mikilvægi þess að kanna gildi náms- og starfsráðgjafar fyrir farsælt náms- og starfssval sem og úrræði gegn brottfalli í framhaldsskólum. Eins og bent er á í tillögunni þá er brottfall mun hærra hér en í nágrannalöndum okkar. Er þetta mikið áhyggjuefni sem brýnt er að bregðast við sem fyrst þar sem brottfall er samfélagslegt vandamál sem kostar bæði þjóðfélagið sem og einstaklinga mikið. Í sumum löndum eins og t.d. Ítalíu er skólaskylda til 18 ára aldurs og þar er brottfall 8%. Heimili og skóli leggja til að nefndin kanni einnig hvort hækkun skólaskyldaldurs sé raunhæf leið til þess að draga úr brottfalli.

Náms- og starfsráðgjöf – úrræði gegn brottfalli

Brottfall í íslenskum framhaldsskólum er mikið og mikilvægt að leita allra leiða til að stemma stigu við því. Heimili og skóli telur að efling náms- og starfsráðgjafar geti stuðlað að minna brottfalli. Til þess að svo verði raunin þarf marvissa náms- og starfsráðgjöf á öllum skólastigum. Í grunnskóla þurfa nemendur að fá fræðslu sem miðar að því að víkka sjóndeildarhring þeirra hvað nám og störf varðar. Í efri bekkjum grunnskólans sem og í framhaldsskóla þarf að þjálfva nemendur í að taka upplýstar ákvarðanir um framtíð sína. Til þess að þessi fræðsla verði markviss er mikilvægt að við alla grunn- og framhaldsskóla starfi menntaðir náms- og starfsráðgjafar þar sem þeir hafa fag- og sérþekkingu á þessu sviði.

Náms- og starfsráðgjafar gegna einnig mikilvægu hlutverki í að koma á samstarfi við foreldra í framhaldsskólum. Reynslan sýnir að markviss vinna með foreldrum nemenda á fornámsbrautum framhaldsskóla skilar árangri og dregur úr brottfalli. Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að samstarf heimila og skóla skilar sér í jákvæðum áhrifum á skólastarfið og þetta á við um öll skólastig. Þessar rannsóknir sýna að þátttaka foreldra í skólastarfi skilar sér meðal annars í bættum námsárangri, betri mætingum, minni agavandamálum, auknum metnaði og sjálfstrausti nemenda. (Berger 1995; Lazar og Slostad 1999). Samstarf er einnig mjög mikilvægt á unglingsárunum. Gott samstarf getur t.d. auðveldað foreldrum að styðja við unglingana sína og ýtt undir markvissar umræður um hvað tekur við eftir framhaldsskóla og síðast en ekki síst dregið úr brottfalli nemenda (Berger 1995 og Geiger 1992).

Opinber stefnumótun

Til þess að þær tillögur sem þarna eru nefndar nái fram að ganga þarf aukið fjármagn og ekki síður er það mikilvægt ef efla á náms- og starfsráðgjöf enn frekar.

Samtökin taka undir það sjónarmið að mikilvægt er að taka upp markvissa kennslu í námstækni og vinnubrögðum en benda á að slík kennsla á að vera samþætтуð inn í allar námsgreinar en ekki kennd ein og sér í sérstökum kennslutímum. Til þess að kennarar geti sinnt þessu á markvissari hátt en nú er gert þarf að bjóða kennurum í grunn- og framhaldsskólum upp á endurmenntunarnámskeið sem og að efla þennan þátt í kennaranámi.

Óskýr lagarammi

Samtökin telja mikilvægt að í lögum um grunnskóla komi skýrt fram að náms- og starfsráðgjafar eigi að starfa í grunnskólum. Sú reynsla sem komin er á störf náms- og starfsráðgjafa hefur að mati samtakanna sýnt fram á hve mikilvægt er að náms- og starfsráðgjafar starfi innan grunnskólanna þar sem nemendur, foreldrar og annað starfsfólk skólans hefur greiðan aðgang að þeim. Nemendur, foreldrar og kennarar leita til þeirra með ýmis mál sem koma upp og inngríp náms- og starfsráðgjafa geta oft komið í veg fyrir að mál þróist áfram í að verða erfið vandamál. Náms- og starfsráðgjafar starfa einnig sem greiningaraðilar sem vísa málum áfram til sérfræðinga er þörf kerfur. Náms- og starfsráðgjafar eru einu aðilarnir innan skólans sem sinna þessu mikilvæga greiningarhlutverki og því mikilvægt að lagalegur rammi um störf þeirra innan grunnskólans sé vel skilgreindur. Náms- og starfsráðgjafar eru einnig talsmenn nemenda og sem slíkir ber þeim að gæta hagsmuna þeirra. Mikilvægt er fyrir nemendur og foreldra að geta leitað til slíks aðila innan skólans.

Efling náms- og starfsfræðslu


Foreldrar hafa mikil áhrif á náms- og starfsval barna sinna. Námsframboð er sífellt að aukast og foreldrar hafa því oft ekki vitneskju um allt það nám sem börnum þeirra stendur til boða. Því er mikilvægt að fræðsla náms- og starfsráðgjafa einskorðist ekki einungis við nemendur heldur nái einnig til foreldra. Með eflingu náms- og starfsráðgjafar gefst aukið rými fyrir náms- og starfsráðgjafa að sinna fræðslu fyrir foreldra til dæmis með markvissum kynningum á því vali sem nemendur standa frammi fyrir í efstu bekkjum grunnskóla, val á samræmdum prófum við lok grunnskóla og inntökuskilyrðum framhaldsskóla. Ljóst er að stytting námstíma til stúdentspróf kallar á enn frekari náms- og starfsfræðslu sem og einstaklingsbundna ráðgjöf.

Niðurstaða

Mikilvægt er að undirbúa nemendur vel undir fjölbreytt og sýbreytilegt umhverfi atvinnulífs. Það verður best gert með því að skólakerfið komi til móts við þarfir þeirra, stuðli að sjálfsþekkingu og gagnrýninni hugsun og kenni þeim hagnýt og markviss vinnubrögð.

Til að einstaklingur geti valið sér nám og starf við hæfi þarf hann að þekkja sjálfan sig, hvar áhuginn liggur, gildismat sitt, viðhorf, aðstæður á vinnumarkaði, náms- og starfsmöguleika. Náms- og starfsráðgjafar eru eina fagstéttin á Íslandi sem hefur menntun á sviði fræðslu og ráðgjafar um nám og störf. Skoða þarf hver staða náms- og starfsfræðslu er í skólum landsins og hvort hún fái það rými sem hún þarf. Ef svo er ekki þarf að skoða hvort það stafi af því að of fáir sérmenntaðir náms- og starfsráðgjafar starfa innan grunnskólanna og/eða að áhersla á persónulega ráðgjöf sé oft mikil þar sem að þeir sem ráðnir eru sem náms- og starfsráðgjafar hafa menntun á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar. Ef náms- og starfsráðgjafar ná ekki að sinna náms- og starfsfræðslu vegna þess að vinna við persónuleg vandamál nemenda tekur yfir stóran hluta af þeirra starfstíma þarf að huga að því að ráða inn í skólana við hlið náms- og starfráðgjafa aðra sérfræðinga eins og félagsráðgjafa eða sálfræðinga til að vinna með erfið persónuleg vandamál nemenda sem náms- og starfsráðgjafar því miður sitja of oft uppi með þar sem fá úrræði eru til staðar annars staðar í kerfinu. Önnur leið er að efla þá sérfræðipjónustu sem nú þegar er fyrir hendi þar sem hún annar ekki lengur eftirspurn eftir þjónustu.

F.h. Heimilis og skóla



Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri.

Heimildir

Berger, E.H. 1995. *Parents as Partners in Education. Families and Schools Working Together*. New Jersey, Merrill.

Geiger, K. 1992. Health, Education, Welfare: America's Families and America's Priorities. *Education and the Family* (ritstj. L. Kaplan), bls. 307-314. Boston, Allyn and Bacon.

Lazar og Slostad. 1999. *How to overcome obstacles to parent-teacher partnerships*. The Clearing House; Washington.